



Fóstureyðingar 2017

[Tölur um fóstureyðingar 2017](#) hafa verið gefnar út á vef Embættis landlæknis. Á sama tíma voru eldri tölur endurskoðaðar og endurútgefnar.

Árið 2017 voru framkvæmdar 1.044 fóstureyðingar hér á landi eða 13,1 fóstureyðing á hverjar 1.000 konur á

frjósemisaldri (15-49 ára). Er það svipuð tíðni og á árunum 1996-2000 en frá aldamótum hafa að meðaltali verið framkvæmdar rétt tæplega 12,5 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri. Er þetta annað árið í röð sem árlegur heildarfjöldi aðgerða fer yfir 1.000.


[Norrænn samanburður](#) á tíðni fóstureyðinga sýnir að Ísland er nálægt hinu norræna meðaltali. Þannig voru framkvæmdar 13,3 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri á Norðurlöndunum öllum árið 2015, fæstar í Finnlandi (8,2/1.000 konur 15-49 ára) og

flestar í Svíþjóð (17,6/1.000 konur 15-49 ára). Í samanburði við önnur Evrópulönd er tíðni fóstureyðinga hins vegar fremur lág á Norðurlöndunum en rétt að benda á að lagaumhverfi getur verið afar mismunandi í ólíkum löndum sem kann að hafa áhrif á fjölda aðgerða.

Aðgerðum fækkar hjá yngsta aldershópnum

Eins og fyrri ár voru flestar fóstureyðingar árið 2017 gerðar hjá konum í aldurshópnum 20-24 ára og 25-29 ára, samtals tæplega 53% allra framkvæmdra aðgerða. Árið 2017 gengust 22,3 af hverjum 1.000 konum á

Ár	Fjöldi	Á 1.000 konur 15-49 ára
1996	968	12,6
1997	938	13,5
1998	914	12,9
1999	935	13,1
2000	987	13,7
2001	967	13,3
2002	900	12,3
2003	956	13,1
2004	889	12,1
2005	868	11,8
2006	904	11,9
2007	905	11,8
2008	959	12,3
2009	981	12,5
2010	978	12,5
2011	970	12,5
2012	980	12,7
2013	966	12,5
2014	955	12,3
2015	926	11,9
2016	1021	13,0
2017	1044	13,1



Tafla 1. Fóstureyðingar 1996-2017

Mynd 1. Tíðni fóstureyðinga miðað við 1.000 konur í hverjum aldurshópi.

Efni: Fóstureyðingar 2017
Ófrjósemisaðgerðir 2017

bls. 1
3

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis


Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



12. árgangur. 5. tölublað. Maí 2018

aldrinum 20-24 ára undir slíka aðgerð og 22,0 af hverjum 1.000 konum í aldurshópnum 25-29 ára.

Árið 2017 fóru 12,4 stúlkur af hverjum 1.000 á aldrinum 15-19 ára í fóstureyðingu sem er svipaður fjöldi og árið áður. Fóstureyðingum í þessum yngsta aldurshópi hefur hins vegar fækkað allmikið undanfarna áratugi. Þannig voru að meðaltali framkvæmdar 13,3 fóstureyðingar hjá hverjum 1.000 stúlkum á aldrinum 15-19 ára á árunum 2011-2015, að meðaltali 15,1 á árabílinu 2006-2010, 18,8 að meðaltali á árunum 2001-2005 og 21,2 á árunum 1996-2000.



Mynd 2. Fóstureyðingar eftir heilbrigðisumdæmum miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára).

Búseta kvenna

Nokkur munur er á tíðni fóstureyðinga eftir búsetu kvenna (mynd 2). Árið 2017 voru flestar fóstureyðingar hjá konum búsettum á Suðurnesjum (14,6 á 1.000 konur 15-49 ára) og á höfuðborgarsvæðinu (14,2 á 1.000 konur 15-49 ára). Fæstar fóstureyðingar voru hins vegar hjá konum á Vesturlandi (6,7 á 1.000 konur 15-49 ára). Mynd 2 sýnir einnig meðaltalsdreifingu fóstureyðinga eftir búsetu kvenna á árunum 2012-2016. Á því árabili voru fóstureyðingar einnig algengastar hjá konum á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu en hins vegar fátíðastar hjá konum á Austurlandi.

Fyrri fóstureyðingar og fæðingar

Stór hluti þeirra kvenna sem gekkst undir fóstureyðingu árið 2017 hafði ekki gengist undir slíka aðgerð áður eða tæplega 64%. Ríflega 23% kvennanna áttu hins vegar eina fyrri fóstureyðingu að baki og tæplega 13% tvær eða fleiri.

Þá hafði meira en helmingur þeirra kvenna sem fór í fóstureyðingu árið 2017 áður fætt barn eða börn (54,7%).

Tegund aðgerðar og meðgöngulengd

Fóstureyðingar eru framkvæmdar með tvenns konar hætti, annars vegar með aðgerð og hins vegar með lyfjum. Fóstureyðing sem framkölluð er með lyfjum hefur verið valkostur hér á landi frá árinu 2006 en þeirri meðferð er fyrst og fremst beitt snemma á meðgöngu. Hlutfall fóstureyðinga sem framkallaðar eru með lyfjum hefur aukist jafnt og þétt undanfarna áratug. Á árinu 2017 var hlutfall fóstureyðinga með lyfjum ríflega 75% allra fóstureyðinga en fyrir fimm árum var hlutfallið ríflega 57%.

Þorri þeirra kvenna sem fóru í fóstureyðingu árið 2017 voru gengnar 12 vikur eða skemur þegar aðgerð fór fram (95%) en [lög um fóstureyðingar, nr. 25/1975](#), kveða á um að fóstureyðing

skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngunni, helst innan 12 vikna meðgöngu. Eftir 16. viku er fóstureyðing eingöngu heimil af læknisfræðilegum ástæðum. Árið 2017 fór um 3,5% aðgerða fram eftir 13-16 vikna meðgöngu en rúmlega 1% eftir lengri meðgöngu en 16 vikur.

Aðgerðarstaður

Eins og fyrri ár var yfirgnæfandi meirihluti fóstureyðinga árið 2017 framkvæmdur á kvennadeild Landspítala, eða ríflega 90%. Næstflestar aðgerðir voru gerðar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (6,3%) og á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (1,3%).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ófrjósemisaðgerðir 2017

Á árinu [2017 voru framkvæmdar 638 ófrjósemisaðgerðir](#) á Íslandi og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Tæplega 85% allra aðgerða voru gerðar á körlum eða 542 aðgerðir. Samsvarar það 7,2 aðgerðum fyrir hverja 1.000 karlmenn á aldrinum 25-54 ára. Ófrjósemisaðgerðir á konum voru 96 talsins árið 2017 eða 1,4 aðgerð fyrir hverjar 1.000 konur 25-54 ára. Er þetta í fyrsta sinn síðan skráning hófst sem árlegur heildarfjöldi ófrjósemisaðgerða á konum fer undir 100.


Undanfarna áratugi hefur mikil breyting orðið á hlutfalli karla og kvenna sem undirgangast ófrjósemisaðgerðir hér á landi. Ófrjósemisaðgerðum á körlum fjölgaði jafnt og þétt til ársins 2013 en síðan þá hefur heildarfjöldi aðgerða haldist nokkuð stöðugur. Á sama tíma hefur dregið verulega úr ófrjósemisaðgerðum meðal kvenna. Þannig voru konur um 15% þeirra sem fóru í slíkar aðgerðir árið 2017, fyrir áratug voru ófrjósemisaðgerðir á konum hins vegar rúmlega 40% af heildarfjölda aðgerða og fyrir tuttugu árum voru þær tæplega 83% allra ófrjósemisaðgerða.

Aldursbundin tíðni

Ófrjósemisaðgerðir hafa um langt skeið verið algengastar hjá fólki á aldrinum 35-44 ára og á það bæði við um karla og konur. Árið 2017 voru gerðar 13,1 ófrjósemisaðgerðir fyrir hverja 1.000 karlmenn á þessum aldri en 2,4 aðgerðir fyrir hverjar 1.000 konur á sama aldri.

Aðgerðarstaður

Stærsti hluti ófrjósemisaðgerða á karlmönnum eru framkvæmdar á stofum sjálfstætt starfandi þvagfæraskurðlækna eða 92,3% árið 2017. Einungis 7,7% ófrjósemisaðgerða á körlum árið 2017 voru gerðar á heilbrigðisstofnunum.



Mynd 1. Ófrjósemisaðgerðir eftir kyni 2000-2017

Þessu er hins vegar öfugt farið meðal kvenna. Tæplega 88% allra ófrjósemisaðgerða á konum árið 2017 voru framkvæmdar á heilbrigðisstofnunum á meðan ríflega 12% aðgerða fóru fram á stofum sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

**Hildur Björk
Sigbjörnsdóttir**

Ár	Karlar	Á 1.000 karla 25-54 ára	Konur	Á 1.000 konur 25-54 ára
2000	248	4,1	522	8,9
2001	251	4,0	420	7,0
2002	297	4,8	365	6,1
2003	263	4,2	366	6,0
2004	216	3,4	300	4,9
2005	285	4,5	280	4,5
2006	316	4,6	215	3,4
2007	297	4,2	199	3,1
2008	339	4,6	181	2,8
2009	358	5,1	154	2,3
2010	419	6,2	186	2,8
2011	424	6,3	158	2,4
2012	483	7,2	124	1,9
2013	508	7,7	168	2,5
2014	503	7,5	139	2,1
2015	503	7,3	133	2,0
2016	517	7,3	117	1,7
2017	542	7,2	96	1,4

Tafla 1. Ófrjósemisaðgerðir 2000-2017